



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun á sýningu  
í tilefni af 150 ára afmæli  
Jóns Sveinssonar, Nonna  
8. september 2007**

Þegar sagnfræðingar framtíðarinnar fara að grandskoða upphaf þessarar aldar verður þeim sjálfsagt starsýnt á hina miklu sókn Íslendinga á erlendan vettvang, umsvifin í viðskiptum, menningu og listum.

Við þekkjum fjölmörg dæmi af eigin reynslu að munað hefur miklu þegar stofnað er til kynna við erlenda viðmælendur að þekking þeirra á verkum Halldórs Laxness, tónlist Bjarkar eða bókum Nonna léttir samræðurnar. Þá er ísinn brotinn; við vitum að landið okkar ekki lengur framandi í huga viðmælandans.

Áður en Íslendingar eignuðust atvinnumenn sem sendiherra er óhætt að fullyrða að Jón Sveinsson hafi verið einn helsti sendiherra íslenskrar menningar lengstaf á liðinni öld. Margir íslenskir rithöfundar reyndu líka fyrir sér á erlendum vettvangi og það voru fleiri en Nonni sem nýttu sér sérstöðu Íslands í bókum sínum, bæði sögu landsins og örlög þjóðarinnar. Fáir náðu þó slíkum árangri sem hann ef tekið er mið af vinsældunum, frægð bóka hans náði vítt og breitt um evrópskan lesendaheim, og jafnvel víðar.

Óhætt er að fullyrða að hann var í fremstu röð þeirra sem með verkum sínum kynntu Ísland markvisst á erlendri grund. Auk bókanna skiptu fyrirlestrarnir um land og þjóð þúsundum. Þakkarskuld okkar við þetta ástsæla skáld verður því seint goldin að fullu.

Nonni sá töfra Íslands með augum barnsins, náði að höfða til æskunnar í hjörtum lesenda víða um heim. Einlægnin heillaði alla, einkum hvernig hann sá daglegt líf í sérstökum ljóma. Líkt og annar Norðlendingur, listaskáldið góða sem við einnig hyllum og þökkum á

Þessu ári, naut Nonni þess að vera langdvölum fjarri vettvangi; það varð honum efniviður í ódauðleg verk, lýsingar á veröld sem hann mundi aðeins sem barn og unglíngur í Eyjafirði. Kannski voru það dvöl hans í klaustrum og kennarastörfín í Þýskalandi sem vísuðu á vit minninganna, gerðu honum kleift að tjá ævintýri sem urðu hugstæð milljónum lesenda í fjarlægum löndum.

Sögur Nonna voru ekki eingöngu samdar til að láta fólk gleyma sér við undur Íslands. Það vakti einnig fyrir honum að ala lesendur upp í guðsótta og góðum siðum en því fór fjarri að predikunin bæri listina og sagnagleðina ofurliði.

Eins og margir aðrir get ég vottað um hve djúpstæð áhrif bækur Nonna höfðu á mig þegar ég kynntist þeim fyrst fyrir vestan, ungur strákur á Þingeyri og Ísafirði. Við félagarnir lásúm þær allar, sumar oft og ætíð virkaði galdurinn vel, frásögnin seiddi okkur í undraheim, Akureyri varð í okkar huga eins konar draumabær, Eyjafjörður og aðrar sagnaslóðir Nonna staðir sem okkur langaði að kynnast af eigin raun.

Við vildum jafnvel hitta Nonna sjálfum, sjá sögumanninn sem ungur drengur hélt út í heim og varð jafnoki reglubræðra og heimskunnra rithöfunda, frægðarmaður sem Halldór Laxness sagði að hefði verið „einn þessara fáu manna sem eru alveg fullkomlega töfrandi.“

Þegar hálf önnur öld er liðin frá fæðingu Nonna er við hæfi að minnast hans á veglegan hátt eins og gert er með sýningunni sem við opnum nú. Ég færi Zonta-konum á Akureyri, sem lengi hafa ötullega unnið að því að halda verkum Nonna á lofti, þakkir fyrir þeirra starf og einnig Landsbókasafni og öðrum þeim sem hér hafa komið að góðu verki.

Sýningin hrífur okkur svo sannarlega inn í veröldina sem Nonni skóp, tjáir okkur hvernig íslenskur strákur að norðan varð einn fremsti rithöfundur álfunnar á sinni tíð.

Með þeim orðum lýsi ég því yfir að sýningin er opnuð og hvet til þess að æskufólk og sem flestir Íslendingar komi til að skoða hana.